



ÍSAFJARÐARBÆR

Barnaverndaráætlun
skóla/stofnana Ísafjarðarbæjar

Stjórnunarteymi skólans

Í skólanum er starfandi teymi sem ber ábyrgð á að fylgja eftir málum sem tengjast barnavernd. Ef grunur vaknar um slæman aðbúnað barns fundar ráðið með starfsmönnun viðkomandi skóla og ákveður um framhald. Ráðið skipuleggur með hvaða hætti skuli bregðast við og stjórnar aðgerðum. Taka þarf ákvarðanir um samskipti við foreldra, hvað gert verði í skólanum, samskipti við barnið, að viðbrögð og áætlanir séu settar fram af nærgætni og hvort leita eigi eftir utanaðkomandi aðstoð. Mikilvægt er að skrá niður allar grunsemdir og atvik einnig samskipti við foreldra þegar rætt er um vanda og hvað skal gera til að bæta hann.

Í stjórnunarteymi skólans eru:

Skólastjóri

Aðstoðarskólastjóri

Sérkennslustjóri

Teymið vinnur út frá þeirri grundvallarreglu að jafnan skuli beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Hagsmunir barns eru því hafðir að leiðarljósi. Aðrir hagsmunir, svo sem hagsmunir foreldra, verða þar af leiðandi að víkja ef þeir stangast á við hagsmuni barnsins. Ef grunsemdir vakna hjá starfsfólki um vanrækslu og/eða ofbeldi skal láta teymið vita. Starfsfólk sem vinna með börnunum (umsjónarkennari/deildarstjóri) eru ábyrg fyrir því að skrá niður allar grunsemdir og atvik er varða barn, einnig samskipti við foreldra þegar ræða þarf vanda, hvað á að gera eða hefur verið gert til að bæta hann. Upplýsingarnar þurfa að berast teymi skólans jafnóðum.

Teymið og allt starfsfólk er bundið þagnarskyldu, líka innan skólanna.

Teymið hefur samstarf við barnaverndaryfirvöld til að tryggja öryggi barna sem búa við óviðunandi aðstæður eða heilsu þeirra og þroska er stefnt í hættu. Ef grunur vaknar um ofbeldi gegn barni skal tilkynnt beint til barnaverndaryfirvalda annað hvort í samráði við foreldra eða án samráðs við foreldra. Teymið metur það hverju sinni.

Tilkynningarskylda Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 er sérstök áhersla lögð á herðar starfsfólks sem sinnir málefnum barna um að tilkynna um mál til barnaverndaryfirvalda, í 17. gr laganna segir:

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunnandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Vanræksla er þegar grunn- og sérþörfum barna er ekki sinnt og/eða umönnun er ábótavant, (passa verður að rugla ekki vanrækslu og fátækt ekki saman). Algeng atriði sem benda til að börn séu vanrækt er að:

- þau eru óhrein
- þau eru svöng
- föt þeirra eru óhrein
- daglegri umhirðu er ábótavant
- þau mæta óreglulega í leikskólann
- þau eru sótt seint eða af ungum systkinum
- reglu er ábótavant t.d. með matmálstíma, svefn o.s.frv.
- þau eru ítrekað ekki með nauðsynlegan búnað fyrir leikskólann
- þau fara ekki til læknis eða tannlæknis/heilbrigðisþjónustu
- foreldrar sinna ekki ábendingum skóla um sérfræðiaðstoð fyrir barnið
- foreldrar vanrækja tilfinningalegar þarfir og félagsþroska barns
- foreldrar setja barninu ekki eðlileg mörk og beita því ekki nauðsynlegum aga

- börn eru ekki í bílbeltum eða með viðeigandi búnað í bíl
- foreldrar fylgjast ekki nægilega vel með barni sínu
- foreldrar skilja barn eftir eitt án þess að það hafi aldur og þroska til þess eða hjá óhæfum einstaklingi
- barn er ekki verndað og jafnvel í hættu vegna annarlegs ástands foreldris
- barni er leyft eða hvatt til að taka þátt í ólöglegu eða ósiðlegu athæfi
- foreldrar beita hvort öðru ofbeldi
- foreldrar eru í eiturlyfja- eða áfengisneyslu
- foreldrar láta börn yngri en 12 ára ná í barnið í leikskólann

Í vanrækslutilfellum er oft gott að byrja á að ræða við foreldrana og gefa þeim ákveðinn tíma til að bæta ástandið, mikilvægt að ákveða tímamörk og funda aftur á ákveðnum tíma.

Afleiðing vanrækslu

- seinn málþroski
- léleg hæfni til að mynda tengsl
- óvirkni
- óöryggi og hræðsla
- óróleiki og ofvirkni

Líkamlegt ofbeldi er þegar barn er beitt ofbeldi viljandi, gerendur eru oftast innan fjölskyldunnar. Þá er líkamlegu afli beitt, barnið er slegið, kýlt, sparkað í það, hrist, brennt, hent til og frá o.fl.þ.h. Áverkar eru á líkama, oft nota einstaklingar þessa aðferð til að ná valdi. Í mörgum tilfellum reyna börn að hylma yfir.

Algengir áverkar sem benda til að börn séu beitt líkamlegu ofbeldi eru:

- sár
- glóðarauga
- brunasár
- bit / skurðir
- beinbrot
- heilahristingur (óútskýrður)

- mar

Afleiðing líkamlegs ofbeldis:

- hræðsluviðbrögð
- líkamlegir áverkar
- Lélegt sjálfstraust
- láta stjórna sér
- streita – kvíði
- alltaf á varðbergi
- líkamlegar umkvartanir
- beita önnur börn ofbeldi
- hrædd við að fara heim ☹ eru meðvirk

Andlegt ofbeldi er þegar foreldri (sem oftast er gerandi):

- sýnir viðvarandi neikvætt viðhorf og neikvæðar tilfinningar til barns
- gerir jafnvel óraunhæfar kröfur til barns miðað við aldur þess og þroska
- sér barn ekki sem sjálfstæðan einstakling eða fær barn til að sinna sínum sálrænu/tilfinningalegu eða líkamlegu þörfum
- beitir ofbeldi í ásjónu barns
- talar niðrandi til barns
- dæmir persónu barns
- gagnrýnir barnið óvægið
- afneitar barninu
- brýtur barnið markvisst niður
- hafnar barninu

Algeng atriði sem benda til að börn séu beitt andlegu ofbeldi er að barn:

- er hrætt
- ber merki um sektarkennd
- finnst sér ofaukið
- er einmana
- er ringlað
- er reitt

- er árásgjarnt
- er með lélega sjálfsmýnd og/eða vantreystir sjálfum sér
- hefur efasemdir um hæfni sína
- er viljalaust og dregur sig í hlé
- er óöruggt
- hefur lélegan tilfinningaþroska

Afleiðing andlegs ofbeldis:

- óhamingja
- þunglyndi
- innhverfa
- sárindi
- reiði
- einmanaleiki

Kynferðislegt ofbeldi Börn sýna merki um að þau séu beitt kynferðislegu ofbeldi á ýmsa vegu t.d.:

- í leik, með teikningum eða í orði
- trúa oft vinum fyrir ofbeldinu Þögnin og leyndin er eitt af því sem einkennir kynferðislegt ofbeldi.

Með kynferðislegu ofbeldi er átt við:

- káf á líkama og kynfærum
- kossar
- klámyrði
- kynfæri sýnd
- klámmyndir sýndar
- kynferðisleg myndataka
- kynferðislegar athafnir t.d. innþrenging reynd – samræði
- munnmök
- nauðganir
- sjálfsfróun

- óviðeigandi rafræn boð t.d. með sms, msn ofl.

Einkenni/afleiðing kynferðislegs ofbeldis:

- sýnir kynferðislega hegðun, tælandi hegðun, mikill áhugi á kynfærum og snertingu þeirra
- sýnir sjálfskaðandi hegðun, sjálfsvígstilraunir á í erfiðleikum í námi og samskiptum
- á erfitt með að setja mörk
- breytir matarvenjum – átröskun
- skammast sín
- býr yfir sektarkennd og reiði
- er auðmjúkt
- er svikið
- er sært
- er óhreint
- er meðábyrgt
- einangrast, andleg og líkamleg sjálfsmýnd brenglast
- pissar jafnvel undir
- er kvíðafullt
- er þunglynt
- hefur svefnerfiðleika/martraðir
- þjáist að áfallastreitu
- breytir hegðun sinni
- vímuefnaneysla þegar barnið eldist

Á að tilkynna? Eftirfarandi þarf að skoða þegar meta á hvort tilkynna eigi til barnaverndaryfirvalda eða ekki.

Sögulegar forsendur ofbeldis/vanrækslu

- er fyrri saga um áverka- eða vanrækslueinkenni?
- vantar sögu um orsakir áverkans?
- hefði verið hægt að koma í veg fyrir áverkann með betri umönnun og gæslu?
- er sagan órökvís eða breytileg?

- er fyrri saga um endurtekna áverka eða innlagnir á sjúkrahús?
- var töf á því að leitað væri læknis?
- er í frásögninni leitast við að ýkja eða vanmeta áverkann?
- eru í sögunni upplýsingar um vandamál á meðgöngu, að barnið hafi fæðst fyrir tímann og að það gæti haft áhrif á núverandi ástand.
- eru í sögunni upplýsingar um að barnið hafi ekki dafnað og þroskast eðlilega eða að ekki hafi verið leitað eftir eðlilegri heilbrigðisþjónustu svo sem ungbarnaskoðun eða bólusetningum?
- er ástand foreldris eða gæslumanns óviðunnandi?

Líkamleg merki ofbeldis/vanrækslu

- samræmast áverkanir sögunni sem sögð er?
- eru áverkarnir margir? ☒ eru líkur á að áverkanir hafi orðið á mismunandi tíma?
- eru mismunandi tegundir áverka, t.d. brunasár og beinbrot?
- eru merki um almenna vanrækslu t.d. er barnið skítugt eða hrætt?

Bera verður saman söguna og samræmi þar á milli og miða við aldur og þroska barnsins. Foreldrum eða öðrum er óheimilt að sækja barn eftir neyslu áfengis eða eiturlyfja í þeim tilfellum er tilkynnt til barnaverndarnefndar.

Samskipti við foreldra eftir að stofnun/skóli tilkynnir um vanrækslu/ofbeldi Að jafnaði skal láta foreldra vita af tilkynningunni og láta vita að verið sé að fylgja lagaskyldu um að tilkynna grun um vanrækslu/ofbeldi til barnaverndarnefndar. Í samtali við foreldra þarf að koma fram að málið snúist um velferð barnsins og stuðning við það fremur en ásökun í þeirra garð. Láta þarf foreldra vita að í kjölfar tilkynningar geti þeir átt von á að starfsmenn barnaverndarnefndar hafi samband og leiti frekari upplýsinga um hagi barnsins og umönnun þess. Þegar grunur vaknar um ofbeldi gegn barni af hálfu forsjáraðila eða annarra heimilismanna og forsjáraðila er kunnugt um að tilkynnt hafi verið til barnaverndarnefndar, á ekki að ræða um tilkynninguna frekar við foreldrana.

Forvarnir eru nauðsynlegar til þess að fræða börn um ofbeldi en slík fræðsla er vandmeðfarin. Börnin eru upplýst um sín persónuleg mörk, líkama sinn, góð og slæm leyndarmál og um mikilvægi þess að tala við fullorðinn aðila sem þau treysta ef eitthvað kemur fyrir sem þau skilja ekki eða líður illa út af. Ræða þarf um að snerting geti bæði verið

góð og slæm. Öll börn þurfa snertingu sem er góð t.d. faðmlag, strokur á viðeigandi stöðum, klapp á bakið. Slæm snerting er snerting á stöðum þar sem börn eru vanalega ekki snert þegar verið er að sýna þeim umhyggju. Þar sem börn eru oft fljót að gleyma er mikilvægt að minna reglulega á þessa þætti. Mikilvægt að tala um hreint út þannig að börn skilji og að hlutirnir séu nefndir réttum nöfnum. Það skiptir miklu máli að hvetja börn til að segja einhverjum sem þau treysta frá leyndarmálum.

Tilkynning og ráðgjöf Tilkynna þarf um grun en ekki aðeins staðfestar sannanir.

Forstöðumenn stofnana tilkynnir í nafni skólans/stofnunar og ber þ.a.l. ábyrgð á tilkynningunni. Skólar njóta ekki nafnleyndar sbr. 19. gr. barnaverndarlaganna. Best er að tilkynna skriflega en einnig er hægt að tilkynna símleiðis. **Tilkynning skal berast til barnaverndarnefndar. Hægt er að tilkynna í 112** sem kemur tilkynningu áfram til barnaverndaryfirvalda. Þegar barnaverndarnefnd berst tilkynning fer af stað ákveðið ferli. Fjallað er um feril barnaverndarmála í reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd nr. 56/2004. Hægt er að hringja og fá faglega ráðgjöf án skuldbindinga í Barnaverndarstofu s: 530-2600, Barnahús s: 530-2500, Blátt áfram s: 533-2929.

Hagnýt ráð fyrir starfsmenn

Ef barn segir frá, nokkur atriði sem vert er að hafa í huga:

- þegar barn segir frá ofbeldi hefur það oft valið áheyrandann af kostgæfni
- barn segir frá þegar það hefur fengið nóg og líður illa
- barn getur sagt frá fyrir tilviljun og án þess að ætla sér það
- barn segir þeim aðila frá sem hefur áunnið sér traust þess Þegar barn segir frá er mikilvægast að: hlusta vel á það sem barnið er að segja, leyfa því að tala án þess að trufla frásögn þess
- nota virka hlustun og sýna barninu þannig að maður sé að hlusta (t.d með því að segja “segðu mér meira frá því”) en ekki er nauðsynlegt að heyra alla frásögnina
- að hrósa því fyrir að hafa sagt frá
- sýna barninu trúnað og veita því stuðning
- sýna ekki ofsafengna hegðun með því t.d. að segja “almáttugur, þetta er hræðilegt að heyra” eða eitthvað því um líkt

- ekki lofa trúnaði (því ekki er hægt að standa við hann – við verðum að tilkynna til barnayfirvalda) þá er gott að nota setningar eins og “ég get ekki lofað þér trúnaði þegar ég veit ekki hvað þú ætlar að segja mér” og útskýra að kannski þurfum við að segja frá til að hjálpa þeim
- segja barninu að við verðum að láta vita af frásögninni t.d. með því að segja að við ætlum að tala við aðila sem vinnur við að passa að öllum börnum líði vel Ef starfsmaður verður var við að barn
- missir eitthvað út úr sér t.d. í leik við önnur börn er mikilvægt að horfa ekki fram hjá slíku heldur fá skýringu á því í einrúmi og gera leikskólastjóra strax viðvart. Mikilvægt að spyrja ekki leiðandi spurninga eða bregðast þannig við að barnið þori ekki að segja frekar frá ofbeldinu.
- sýnir kynferðislega hegðun meðal annarra barna er mikilvægt að láta það ekki afskiptalaust heldur gera leikskólastjóra strax viðvart. Ef barn framkvæmir kynferðislegt tal eða leiki getur verið skynsamlegt að fylgjast vel með barninu í nokkra daga og kanna þannig hvort um einstakt tilvik sé að ræða eða endurtekna hegðun.

Það sem á ekki að gera segi barn frá ofbeldi er að:

- bregðast ekki strax við frásögninni og aðhafast ekkert
- sýna vantrú á því sem barnið er að segja
- sýna of sterk eða óviðeigandi viðbrögð
- skella sökinni á einhvern sem nefndur er í frásögninni
- láta barnið finna að þú vitir ekki hvernig þú eigir að bregðast við
- segjast ekki geta hlustað á alla frásögnina því of “erfitt” sé að heyra það sem barnið greinir frá
- yfirheyra
- spyrja leiðandi spurninga

Heimildir og lesefni fyrir starfsfólk

☐ Bókin „Verndum þau: hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglíngum“ Höfundar: Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir

☐ Barnavernd – kennsluefni Höfundur: Guðrún Kristinsdóttir

☐ Verndarar barna/darkness to light. Fullorðnir sem vernda börn gegn kynferðislegri misnotkun - áætlun fyrir fullorðna um forvarnir og viðbrögð, gagnvirk vinnubók sem gefin er út af Blátt áfram

☐ 7 skref til verndar börnunum okkar – leiðarvísir fyrir ábyrgt fullorðið fólk

☐ Barnaverndarlög nr. 80/2002

☐ Verklagsreglur um tilkynningarskyldu starfsmanna leik- grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda, 18. Desember 2006

☐ Reglugerð um málmeðferð fyrir barnaverndarnefnd nr. 56/2004 ☐ „Barnavernd“ – mappa með ýmsu ítarefni (á kaffistofu leikskólans).